



## Nafnanefnd

29. ágúst 2019

Efni: Heiti á sundi næst fyrir vestan Þjóðleikhúsið.


Þjóðleikhússtjóri hafði samband við Nafnanefnd og óskaði eftir því að fá að senda inn tillögu að heiti á sundið, næst fyrir vestan Þjóðleikhúsið. Á það var fallist, en mælt til þess að nafnið endaði á –sund.

Þjóðleikhússtjóri gerir tillögu um að að sundið verði nefnt Egnerssund, í höfuðið á Thorbjörn Egner, sjá bréf Þjóðleikhússtjóra, dags. 18. júní 2019.

Nafnanefnd gerir ekki athugasemd við það að umrætt sund verði nefnt **Egnerssund**.

Nikulás Úlfar Másson  
byggingarfulltrúi

BYGGINGARFULLTRÚI		
Mótt:	Ahm.	Afri til.
GULT		NLM
Dags.	Sfr.	
26.6'19		
Skjalafll.		



Reykjavík, 18. júní 2019

Formaður nafnanefndar  
Nikulás Úlfar Másson  
Umhverfis- og samgöngusvið  
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Með bréfi til borgarráðs þann 4. maí 2015 óskaði Þjóðleikhússtjóri þess að fá að gefa ónefndri götu nafn sem liggur milli Hverfisgötu og Lindargötu. Með bréfi til Þjóðleikhússins 10. desember 2015 var Þjóðleikhúsinu gerð grein fyrir að nafnanefnd gerði tillögur til umhverfis- og skipulagsráðs um nafngiftir á hverfi og götur í Reykjavík og að Þjóðleikhússtjóra væri frjálst að gera tillögur um nafn á hinni ónefndu götu til nafnanefndar sem myndi í kjölfarið boða til fundar þar sem afstaða væri tekin til fyrirliggjandi tillögu.

Á fundi Nafnanefndar þann 1. júlí 2016 var erindi Þjóðleikhússins tekið fyrir og setti nefndin það skilyrði að ending hins nýja nafns verði **-sund** og að tillögur verði lagðar fyrir nefndina áður en niðurstaða er kunngjörð.

Tillaga Þjóðleikhússins er að hin ónefnda gata fái nafnið **Egnerssund** í höfuðið á Thorbjörn Egner.

Thorbjörn Egner fæddist í einu af eldri hverfum Oslóar árið 1912. Hann var menntaður í myndlist og starfaði lengi við auglýsingagerð og myndskreytingar. Snemma á stríðsárunum fór Egner að semja sögur fyrir börn. Þegar sögur hans tóku að umbreytast í leiksýningar í Noregi seint á sjötta áratug 20. aldar var Egner allt í öllu; teiknaði búninga, hannaði leikmynd og bjó til plaköt.

Fyrsta sýning á verkum Torbjörns Egner á Íslandi var sýningin á Kardimommubænum leikárið 1959-1960.


Frumnýningin á Dýrunum í Hálsaskógi í Þjóðleikhúsinu 16. nóvember árið 1962 var jafnframt fyrsta frumsýning verksins í heiminum þar sem leikarar fóru með hlutverkin, en nokkrum dögum síðar var verkið frumsýnt í Kaupamannahöfn. Áður hafði verkið verið flutt í brúðuleikhúsi í Noregi.

Thorbjörn Egner var það hrifinn af sýningum Þjóðleikhússins á verkum sínum að hann gaf leikhúsinu sýningarrétt á þeim í 100 ár með gjafabréfi 1965 og skyldi höfundarréttargreiðslan renna í sjóð sem styrkja skyldi leiklistarstarfsemi. Ekkert leikskáld hefur verið Þjóðleikhúsinu jafn gjöfult og Thorbjörn Egner og ekkert leikskáld hefur laðað fleiri börn í leikhúsið en hann. Verk hans hafa verið sýnd að jafnaði á tíu ára fresti í leikhúsinu og hafa ávallt gengið fyrir fullu húsi um langan tíma. Þjóðleikhúsið hefur alltaf lagt mikinn metnað í að gera sýningar á verkunum sem glæsilegast úr garði og þar fylgt þeirri stefnu að börn eru mjög mikilvægur áhorfendahópur. Það er einnig ánægjulegt að segja frá því í þessu sambandi að stærsta

leiksýning Þjóðleikhússins leikárið 2019-2020 verður Kardimommubærinn sem verður frumsýndur í apríl 2020 á 70 ára afmæli Þjóðleikhússins.

Það væri því sómi að því að sundið milli Þjóðleikhússins og Þjóðmenningarhússins fengi nafn Egners sem hefur verið mikill velgjörðarmaður íslensks leikhúss og látið höfundarréttartekjur sínar renna til styrktar leikhúss fyrir íslensk börn.

Virðingarfyllt,



Ari Matthíasson, þjóðleikhússtjóri



Kort 

Já 360 - Mynd tekin í júl